

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

10. FUNDUR – 15. mars 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 10. fundar þriðjudaginn 15. mars 2011 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía Garðarsdóttir. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Markaðsskrifstofa Norðurlands*
2. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 18. febrúar 2011*
 - b) *Bæjarráð frá 8. mars 2011*

Afgreiðslur:

1. *Markaðsskrifstofa Norðurlands*

Forseti bauð velkominn til fundarins Ásbjörn Björgvinsson frá Markaðsskrifstofu Norðurlands.

Ásbjörn þakkaði fyrir að vera boðinn hingað og kynnti starfsemi Markaðsskrifstofunnar. Sagði m.a. að 22 sveitarfélög, 112 fyrirtæki, ferðamálastofa og fleiri væru samstarfsaðilar Markaðsstofunnar. Talaði um heimasíðu stofunnar og kortaútgáfu. Einnig talaði hann um mikilvægi þess að markaðsetja svæðið og lengja þar með ferðamannatímann.

Forseti þakkaði Ásbirni fyrir góða kynningu og yfirgaf hann síðan fundinn.

2. *Fundargerðir:*

a. *Bæjarráð frá 18. febrúar 2011*

Fundargerðin er í 12 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. *Bæjarráð frá 8. mars 2011*

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt. Hörður Ríkhartsson víkur af fundi við umræðu og afgreiðslu 3. liðar fundargerðarinnar. Talsverðar umræður urðu um fundargerðina.

Eftirfarandi bókun var lögð fram af S-lista varðandi 9. lið 4. málsg.:

“Fulltrúar S-listans mótmæla vinnubrögðum sem viðhöfð eru við skipulagsbreytingar. Að gefnu tilefni viljum við áréttta að samkvæmt samþykktum um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar er það bæjarráð sem fjallar um og annast ráðningu fastráðinna starfsmanna annarra en stjórnenda og bæjarstjórn annast ráðningu stjórnenda og veitir þeim lausn.”

Undir bókunina rita Hörður Ríkharðsson, Þórdís Erla Björnsdóttir og Þórdís Hauksdóttir.

Fundargerðin síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:30

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Stefanía Garðarsd. , ritari (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)